Á Íslandsmótinu í 60 skotum liggjandi riffli sem haldið var í Digranesi í Kópavogi í dag unnu okkar keppnismenn öll gullverðlaunin.

Íslandsmeistari karla varð Guðmundur Helgi Christensen, Íslandsmeistari kvenna varð Jórunn Harðardóttir einnig úr okkar félagi og í liðakeppninni varð sveitin okkar Íslandsmeistari með Guðmund Helga, Jórunni og Eyjólfi Óskarssyni innaborðs ! Frábær árangur og óskum við þeim öllum hjartanlega til hamingju með árangurinn. Nánari úrslit eru á heimasíðu STÍ, www.sti.is